



## Svalbarðskirkja

Sunnudag 18. febrúar kl 20 verður guðsþjónusta í Svalbarðskirkju.

Sunnudag 25. febrúar kl 11 verður sunnudagaskóli í Svalbarðskirkju.

---

## Fréttir frá Álfaborg/Valsárskóla

Nonni litli var aðeins farinn að velta fyrir sér lífinu og tilverunni og einn daginn fór hann til pabba síns og spurði hann: "Hvað eru stjórnmál?" Pabbi hans svaraði: "Jú sjáðu til, það er kannski best að ég útskýri það á þennan hátt: Ég vinn fyrir fjölskyldunni og þess vegna skulum við kalla mig Auðmagnið. Mamma þín stýrir heimilinu og ræður útgjöldunum og þess vegna skulum við kalla hana Stjórnvöld. Við erum til þess að sinna þörfum þínum svo við skulum kalla þig Fólkið. Við getum síðan haldið áfram og kallað barnfóstruna Öreiga. Litla bróður þinn skulum við kalla Framtíðina. Farðu nú og veltu þessu fyrir þér og athugaðu hvort þetta kemur ekki heim og saman. Þannig að Nonni litli fór í háttinn og hugsaði stöðugt um það sem pabbi hans sagði honum.

Um nóttina vaknar hann upp við grátinn í bróður sínum. Þegar hann kemur inn í herbergi hans finnur hann fljótt að bleian hans er blaut og mikil fýla af henni. Hann fer inn í svefnherbergi foreldra sinna og finnur mömmu sína sofandi. Þá fer hann að herbergi barnfóstrunnar og finnur að hurðin er læst. Hann kíkir inn um skrárgatið og sér föður sinn í rúminu með barnfóstrunni.

Að lokum gafst Nonni litli upp og fór aftur í herbergi sitt og sofnaði. Næsta morgun segir hann við föður sinn. "Pabbi, ég held núna að ég skilji hvað stjórnmál ganga út á." Gott segir faðirinn, segðu okkur frá því. Þá sagði Nonni litli: "Jú sjáðu til, á meðan Auðmagnið riðlast á Öreigunum er Ríkisstjórnin steinsofandi. Fólkið er hundsað og Framtíðin er í djúpum skít..."

## TÓMATA BRANDARINN

Einu sinni voru tveir tómatar þeir voru að fara að labba yfir götu svo kom bíll og keyrði yfir annan tómatarinn. Þá sagði hinn tómaturinn: **komdu hérna tómatsósan þín!**

Við í Valsárskóla tókum þátt í lífshlaupinu og erum alveg að takast að vinna. Eins og staðan er núna erum við í fyrsta sæti

Ég heiti Halldóra og mig langar í fleiri áhorf á snapchat, ég leyfi fylgjendum mínum að fylgjast með mínu daglega lífi. Ég vona bara að þið flest sem lesið þetta komi yfir á minn aðgang og fylgjst mér!! (Er mjög skemmtileg.... LOFA!!)

Það sem ég geri inná snappinu mínu er oftast bara að sína frá mínu lífi þar að meðal annars, mínum áhugamálum og flippa! Já ég er algjör flippkisi með gleraugu!

SJÁUMST ♥♥ Love, Halldóra ♥

Þrek og tár í Freyvangi

Undanfarnar vikur hafa æfingar á leiksýningunni *Þrek og tár*, eftir Ólaf Hauk Símonarson, staðið yfir í Freyvangssleikhúsinu. Sýningin segir frá Davíð og fjölskyldu hans, sem hefur gengið í gegnum súrt og sætt saman. Í byrjun sögunnar sjáum við Davíð snúa heim eftir nám erlendis. Við sjáum hann svo rifja upp gamla tíma og atburði. Við sjáum minningar hans um Reykjavík í byrjun sjöunda áratugs, sem eru ýmist fallegar eða óþægilegar, og náganna hans og sögu þeirra. Við sjáum togstreitu á milli fjölskyldumeðlima, forboðna ást, sorg og gleði. Ýmis falleg lög eru í sýningunni sem tengjast ást fjölskyldu Davíðs á tónlist.

Frumssýning verður 23. Febrúar og munu sýningar standa yfir föstudags- og laugardagskvöld fram á vor. Miða á sýninguna er hægt að nálgas á Tix.is og í síma 857-5598

**Misnotkun nemanda í skólanum** (þetta er mest grín ekki allt)

Við vöknum snemma til að byrja daginn á leiðinlegum lestri. Við fáum minna frí en aðrir skólar. Sagt er að við eigum að haga okkur eins og fullorðin fólk en samt er komið fram við okkur eins og krakka. Við erum neydd til að fara út í hræðilgu veðri. Við fáum ekki nóu oft pizzu og söknum Finns sárt. Við viljum Finn aftur. Við vitum nú að skólin sé geðheimili. Við erum ekki heimsk. Samt erum við geðbiluð og þið látið geðbilað fólk læra heima. Við skemmum í okkur bakið því við erum með of margar bækur í töskum okkar, við þurfum að vera með þessar bækur því þær eru heima lærdómur. Skólin er of litríkur fyrir okkar smekk og þarf að vera allt úr ikea. Eyja notar ekki ediksblönuna. Skólin er ekki sponsaður af brynju. Enginn ilmefni á klósettum og vantar frí dömubindi og



túrtappa. Um tíma bönnuðu þau sína og kenna alltaf ulingunum um allt. Þemanámið gereir ekkert gagn. Maður lærir ekkert úr því. Við fáum ekki einka tölvur og fáum ekki borgað nó fyrir okkar vinnu hér í skólanámi. Skólin seigist ætla gefa okkur skólagögn en flestir eru með sín eigin því skólin er ekki nóu góður að gefa okkur skólagögnin sem við þurfum. Það eru of margar barnabækur á bókasafninu.

## Það sem okkur finnst skemmtilegast á Svalbarðsströnd:

Það er mjög góður skóli Svalbarðsströnd.

Það er skemmtilegur leikvöllur við skólann.

Það er lítil og kósý sundlaug á Svalbarðsströnd.

Það er ekki mikil umferð og við getum farið út þegar við viljum.

Á sumrin fara sumir í heitupottana sína og fara svo út að tína blóm handa móður sinni.

Að hjóla niður í fjöru og kasta steinum í sjóinn.

Það er geggjað líf hérna og ég myndi ekki vilja flytja héðan.

Að leggjast í grasið og horfa á skýin.

Að fara í hjólatúr á ströndinni.

Að stíja á steini og horfa á útsýnið yfir til Akureyrar og fjöllin.

Að renna á sleða í skólabrekkunni.

Að hjóla í fjörunni og horfa á fuglana.

Að ganga upp í Vaðlaheiði og tína ber.

Gaman að hlaupa í kringum skólann.

Gott að fara í útilegu á Svalbarðsströnd.

Að fara upp í Reit, leika sér og borða nesti.

Gaman að vera í íþróttum í íþróttahúsinu.

Að hlaupa á varnargarðinum í fjörunni.

Gaman að fara í útiskóla og drekka kakó.

Gaman að vera í fótbolta úti á velli.

Gaman í kirkjuskólanum.

Gaman að eiga heima svona nálægt góðum brekkum til að renna sér.

Gaman að bjóða vinkonum sínum í göngu- og hjólatúr.

Mér finnst ég vera frjáls og geta gert hvað sem er.

Gaman að keyra um Svalbarðsstrandarhrepp í myrkri og horfa á Akureyri.

